

AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar
á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**

Kópavogsbraut 1D. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. mars 2007 tillögu að deiliskipulagi við Kópavogsbraut 1D ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 30. nóvember 2007.

Vísað er í deiliskipulag fyrir Kópavogstún samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar 8. nóvember 2005. Í breytingunni felst að í stað 5 hæða íbúðarhúss í gildandi deiliskipulagi kemur 6 hæða fjölbýlishús auk kjallara með samtals 45 íbúðum. Grunnflötur byggingar er 690 m² og hámarksheildarstærð byggingar með kjallara er 4.830 m². Gert er ráð fyrir að 75% hluti bílastæða verði í bílageymslu neðanjarðar. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt skýringarmynd og greinargerð dags. 25. ágúst 2006 og breytt 6. mars 2007.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. júlí 2007.

Smári Smárason skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2007